

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. mars 2021
Tilvísun PÍ: 2021030608/5.9.0

Efni: Umsögn Pjóðskrár Íslands um frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum nr. 31/1993, lögræðislögum nr. 71/1997 og barnalögum nr. 76/2003 (bann við barnabruðkaupum) Þingskjal 432 – 347. mál.

Pjóðskrá Íslands vísar til erindis Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 5. mars sl., þar sem frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum, lögræðislögum og barnalögum (bann við barnahjónabandi), 347. mál er sent til umsagnar.


Athugasemdir stofnunarinnar fara hér á eftir.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun falla niður undanþáguheimild til þess að ganga í hjúskap sé hjónaefni yngra en 18 ára.

Í upphafi er rétt að koma inn á hlutverk Pjóðskrár Íslands skv. lögum. Stofnunin starfar m.a. eftir lögum um skráningu einstaklinga nr. 140/2018. Samkvæmt þeim ber stofnuninni að skrá hjúskaparstöðu einstaklinga í þjóðskrá. Svo unnt sé að skrá hjúskaparstöðu einstaklinga í þjóðskrá tekur stofnunin á móti staðfestingu á hjúskap þeirra, hvort stofnað hafi verið til hans héraðs eða erlendis. Á grundvelli þeirra skráir stofnunin hjúskap í þjóðskrá. Þannig ber stofnunin að skrá hjúskap erlendra ríkisborgara í þjóðskrá.

Upp koma tilfelli þar sem erlendir ríkisborgarar, báðir eða annar, óska eftir að Pjóðskrá Íslands staðfesti hjúskap þar sem annað eða bæði hjónanefna er yngra en 18 ára þegar hjúskapur átti sér stað. Verður efni þessa frumvarps að lögum verður það ekki skilið á annan veg en að stofnuninni beri að hafna skráningu slíks hjúskapar. Að mati Pjóðskrár Íslands þarf að liggja fyrir með skýrum hætti hvernig hjúskaparstaða málsaðila, í svona tilvikum, verði skráð í þjóðskrá komi til þess að stofnunin hafni skráningu hjúskaparins í þjóðskrá. Vel getur verið að hjúskapur hafi uppfyllt hjúskaparskilyrði í skráningarlandinu og þá þarf að huga að því hvernig haga skal skráningu hjúskaparstöðu einstaklinga sem og forsjá barna þeirra, ef því er skipta. Að mati Pjóðskrár Íslands þarf að liggja fyrir með skýrum hætti hvernig ber að skrá slík tilfelli.

F.h. Pjóðskrár Íslands



Indriði Björn Ármannsson
lögfræðingur

Pjóðskrá Íslands
Registers Iceland

Borgartún 21
105 Reykjavík

Hafnarstræti 107
600 Akureyri

515 5300
skra@skra.is

skra.is